

1. febrúar 1984

37

Nr. 33

## AUGLÝSING

**um niðurfellingu eða endurgreiðslu tolla af gagnavinnsluvélum o. fl.**

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður toll af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.: 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lið 4.34 í 6. gr. fjárlaga nr. 85 31. desember 1983, öðlast þegar gildi og tekur jafnframt til vara þeirra sem um ræðir í 1. gr. og tollafgreiddar hafa verið frá og með 24. nóvember 1983.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Innflytjandi getur sótt um endurgreiðslu tolls sem greiddur hefur verið frá 24. nóvember 1983 af vörum þeim sem um ræðir í 1. gr. auglýsingar þessarar. Umsókn skal borin fram á þar til gerðu eyðublaði og skulu henni fylgja samrit aðflutningsskýrslu (bleikt eintak) ásamt tilheyrandi tollskjölum. Umsókn skal hafa borist viðkomandi innheimtumannni innan 6 mánaða frá dagsetningu auglýsingar þessarar. Að þeim tíma liðnum verður umsókn um endurgreiðslu eigi tekin til greina. Hafi vara verið seld skal endurgreiðsla renna til kaupanda.

Ákvæði þessi um endurgreiðslu tolls taka jafnframt, eftir því sem við á, til endurgreiðslu söluskatts sem greiddur hefur verið við sölu á ofangreindum vörum frá 24. nóvember 1983.

*Fjármálaráðuneytið, 1. febrúar 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

1. febrúar 1984

Nr. 34

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr tl. 28. tl. er orðist svo:

Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og hlutar til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21.

B 6

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið 1. febrúar 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976  
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

## 1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 1 200,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 100,00 kr.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 48 28. janúar 1983.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1984.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð fyrir Þjóðleikhús nr. 549 1. september 1982.**

## 1. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Í leikritavalsnefnd skulu sitja: einn fulltrúi kjörinn af þjóðleikhúsráði, einn kjörinn af fastráðnum leikurum hússins úr þeirra hópi og einn leikstjóri starfandi innan stofnunarinnar, kjörinn af fastráðnum leikstjórum, leikmyndateiknurum og leikurum. Fulltrúar og varamenn þeirra í leikritavalsnefnd skulu kjörnir til tveggja ára í senn.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 58 12. maí 1978 um Þjóðleikhús og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 16. janúar 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Sólveig Ólafsdóttir.*